

Akureyri 2. júní 2020

Efni: Aðstöðumál KFA (framhald).

Nú liggur fyrir að eigandi Austursíðu 2 á Akureyri, Fasteignafélagið Reitir, hefur selt húsnæðið og er félagið nú að undirbúa afhendingu til nýrra eigenda.

Erindið er framhald af erindi dagsett 2. Ágúst 2019. Frá formanni KFA til formanns ÍBA og fundarhöldum í framhaldi (sjá fylgiskjal 1.). Formaður ÍBA sendi erindi til Íþróttta- og tómstundayfirvalda á Akureyri 17. Október 2019 (sjá fylgiskjal 2.).

Aðstöðuvandamál Kraftlyftingafélags Akureyrar hefur ítrekað verið tekið fyrir á vegum ÍBA og Íþróttayfirvalda á Akureyri síðan 2008. Reynt hefur verið að finna lausnir, og úrræði í gegnum árin. En þær hafa allar verið tímabundnar eða ekki gengið upp.

Óvissa með húsnæðismál og reglulegir flutningar eru hverju íþróttafélagi afar óþægilegir og hafa slæm áhrif á starfsemina. KFA hefur ekki farið varhluta af slíku og er tilgangur þessa erindis að óska eftir samvinnu Akureyrarbæjar, ÍBA og þeirra aðila sem í hlut eiga við að finna farsæla lausn í þessum efnum

Lausn A – Íþróttahöllinn (Kjallari)

Á fundarhöldum við ÍBA haustið 2019 var rætt um möguleika á að við gætum verið í kjallaranum í Íþróttahöllinni. Lausnin er mjög góð. Eftir útekt nær húsnæðið að fullnægja nær öllum þeim kröfum sem við gætum sett fyrir aðstöðu fyrir félagið.

Við gætum þar haldið áfram þjálfun- og kennslu á bæði kraftlyftingum og ólympískum lyftingum. Hægt væri að vera með minni keppnisaðstöðu fyrir félagsmót. Gott aðgengi er einnig að íþróttasal sem hægt væri að halda glæsileg stærri innanlands- og alþjóðlegmót.

Á framtíðarskipulagi Akureyrarbæjar varðandi aðstöðumál kemur fram tilfærsla á núverandi "íbúum". En þeir vilja fá að færa innanhús aðstöðuna sína úr kjallaranum á félagsvæðið sitt uppá Gólfvelli.

Lausn B – Lágmarkstarfsemi (afmörkuð lausn)

Upphafleg lausn félagsins á fyrsta fundi vegna málsins haustið 2019 var að við mundum finna leið til að kaupa lítið húsnæði til afnota þangað til hægt er að finna betri framtíðarlausn.

Lausnin miðast útfrá því að við mundum eingöngu getað starfrækt keppnishóp félagsins þangað til betri úrræði verða í boði. Við ættum mjög erfitt með að viðhalda kennslu og annari þjálfun í svo litlu húsnæði

og væri því nýliðun mjög takmörkuð. Vegna þess gæti hún ekki enst lengi án þess að hafa varanlegar afleiðingar á starfsemi félagsins.

- Hætta er á að við getum ekki þjálfað nýliða og fundið ný afreksefni. Þar með væru framtíðar horfur á uppbyggingu nýrra efnilegra lyftingamanna mjög takmarkaðir.
- Við gætum ekki haldið reglulega mót og mundi því núverandi reynsla og geta félagsins takmarkast töluvert því lengur sem við erum í þessari lausn.
- Við þyrftum að selja eða setja í geymslu mikinn hluta af þeim búnaði sem við höfum safnað okkur í gegnum árin.
- Áðstaðan mundi einskorðast við keppnismenn og konur.

Lausn C – Aukið fjárframlag (skammtímalausn)

Leiguaðferðin er möguleiki sem er hægt að fara. Hún gerir okkur kleift að ákveða lausnir á aðstöðumálum eftir þörfum hvers tíma og gefur okkur mögulegt svigrúm til að finna fjölbreyttar lausnir hvernig við getum haldið því gangandi.

Þarfa kröfur okkar á húsnæði eru mjög ákveðnar og framboð takmarkað á Akureyri. Það getur leitt til þess að lausnir geta verið mjög kostnaðarsamar og jafnvel óhentugar. Hætta er á því að við gætum misst húsnæðið vegna sölu eigenda, eða leitt til annara vandamála sem erfitt er að leysa í húsnæði sem er á leigu (breytingar, skipulag o.s.frv.). Leiguhúsnæði eiga það til að hækka stöðugt í verði og þarf því að endursemjja um fjárveitingu og finna leiðir til að afla fjármagns.

Lausn D – Óbreytt fyrirkomulag

Framboð er ekki mikið og verðlag mjög hátt ef við skyldum finna aðstöðu sem hægt væri að gera þinglýstan leigusamning á. Annar kostur er að finna skammtímaleigu þar sem hægt er að hoppa tímabundið inní húsnæði. Miðað við leitina í vor eru ekki neinir möguleikar sem við gætum ráðið við fjárhagslega.